

## Afkoma HB Granda hf. á fyrri árshelmingi 2008

- Rekstrartekjur fyrri árshelmings voru 6.917 mkr, en voru 7.696 mkr árið áður
- EBITDA var 1.381 mkr (20%), en var 2.539 mkr á sama tíma árið áður, þar af 609 mkr vegna hagnaðar af sölu skipa
- Nettó gengismunur og verðbætur lána voru neikvæð um 4.546 mkr, en jákvæð um 1.965 mkr árið áður
- Tap tímabilsins var 3.198 mkr, en árið áður varð 2.933 mkr hagnaður

	Fyrri árshelmingur	
	2008	2007
Sölutekjur .....	6.917.098	7.696.262
Kostnaðarverð sölu .....	( 5.200.757)	( 5.787.285)
<b>Vergur hagnaður</b> .....	<u>1.716.341</u>	<u>1.908.977</u>
Aðrar tekjur .....	0	643.943
Útflutningskostnaður .....	( 515.782)	( 351.205)
Annar rekstrarkostnaður .....	( 298.206)	( 245.385)
Virðisrýrnun .....	( 43.872)	0
<b>(Rekstrartap) -hagnaður</b> .....	<u>858.481</u>	<u>1.956.330</u>
Fjáreignatekjur .....	27.322	68.439
Fjármagnsgjöld .....	( 473.759)	( 349.005)
Gengismunur .....	( 4.545.610)	1.964.549
Áhrif hlutdeildarféлага .....	( 62.706)	( 17.413)
<b>Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt</b> ....	<u>( 4.196.272)</u>	<u>3.622.900</u>
Tekjuskattur .....	998.697	( 689.636)
<b>Hagnaður (tap)</b> .....	<u>( 3.197.575)</u>	<u>2.933.264</u>
EBITDA .....	1.380.844	2.539.303

### Rekstur fyrstu sex mánaða ársins 2008

Rekstrartekjur HB Granda hf. á fyrri helmingi ársins 2008 námu 6.917 mkr, samanborið við 7.696 mkr á sama tímabili í fyrra. Lægri tekjur skýrast einkum af mun minni afla. Þannig minnkaði veiði þorsks um 42% og loðnu um 47% vegna minnkaðra aflaheimilda, sem og ýsu um 31% vegna minni þorskveiði. Þá minnkaði veiði á úthafskarfa um 45% og kolmunna um 42%, en minna var sótt í þessar tegundir vegna slakra aflabragða og hás olíuverðs. Á móti kom hækkun tekna vegna veikingar íslensku krónunnar, en meðalgengisvísitalan hækkaði úr 119 í 142 á milli ára eða um 19%. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var 1.381 mkr eða 20% af rekstrartekjum, en var 2.539 mkr árið áður, þar af 609 mkr vegna hagnaðar af sölu skipa (25% án söluhagnaðar). Lægra EBITDA hlutfall réðst m.a. af hlutfallslega minni veiði verðmætra tegunda, s.s þorsks, og háu olíuverði. Rekstrarhagnaður af eigin starfsemi var 858 mkr, en var 1.956 mkr á sama tímabili árið áður. Áhrif fjáreignatekna og fjármagnsgjalda voru neikvæð um 4.992 mkr, en jákvæð um 1.684 mkr árið áður. Þar af voru gengistap og verðbætur lána 4.546 mkr á fyrri árshelmingi 2008, en gengishagnaður umfram verðbætur var 1.965 mkr árið áður. Vísitala gengisskráningar hækkaði úr 120,0 þann 31.12.2007 í 160,4 þann 30.6.2008, eða um 33,7%.

Áhrif hlutdeildarféлага voru neikvæð um 63 mkr, en neikvæð um 17 mkr árið áður. Tap fyrir tekjuskatt var 4.196 mkr á móti 3.623 mkr hagnaði á fyrstu sex mánuðum fyrra árs. Tap HB

Granda hf. á fyrri árshelmingi ársins 2008 nam 3.198 mkr, en árið áður var hagnaður félagsins 2.933 mkr.

### *Efnahagur*

Heildareignir félagsins námu 28.852 mkr í lok júní 2008, en 27.548 mkr í lok árs 2007. Þar af voru fastafjármunir 23.715 mkr og veltufjármunir 5.137 mkr. Í lok júní nam eigið fé 6.528 mkr. Eiginfjárlutfall var 23%, en var 35% í lok árs 2007. Heildarskuldir félagsins voru í júnílok 22.325 mkr.

### *Skipastóll og afli*

Skipastóll HB Granda hf. samanstendur af 5 frystitogurum, 3 ísfisktogurum og 4 uppsjávarskipum.

Fyrstu sex mánuði ársins var botnfiskaflí skipa félagsins um 25 þúsund tonn og uppsjávarafli um 58 þúsund tonn.

### *Rekstur á seinni árshelmingi*

Það sem af er seinni árshelmingi 2008 hafa uppsjávarskip HB Granda veitt rúmlega 33 þúsund tonn af norsk-íslenskri síld og makríl og er aflaverðmætið rétt innan við einn milljarð króna, sem er heldur meira en heildaraflaverðmæti skipanna á fyrri árshelmingi. Aflinn hefur allur farið í bræðslu, mest í verksmiðju félagsins á Vopnafirði.

Togarar félagsins hafa einnig aflað vel, einkum af ufsa.